

# NÝTT LAND

5. árgangur

Fimmtudagur 5. júlí 1973

26. tölublað

KÓPAVOGS-  
APÓTEK

Opið öll kvöld til kl. 7 nema  
laugardaga til kl. 2 og á  
sunnudögum milli kl. 1 og 3.

Sími 40102

LETUR sf.

Offset-fjölritun

Hverfisgötu 82  
Sími 23857

## Bankamálaráðherrann

Lof sé Lúðvík

Bankamálaráðherrann, Lúðvík Jósepsson, virðist ætla að hafa jafngóða stjórn á bankamálum og verðlagsmálum. Verðlagið í landinu stígur svo ört, að Suður-Amerikumenn sjá nú ofsónir yfir gengi íslensku krónunnar, og bankakerfið tútnar út eins og fýsibelgur öllum til óspilltrar gleði. Til þess að menn fari ekki villir vegar um stefnufestu ráðherrans, hefur hann veitt Seðlabankanum heimild til að byggja smáhýsi á Arnarhóli. Með því hyggst hann bersýnilega endurskoða bankakerfið og löggjöfina um Seðlabankann, eins og heitið er í málefnsamningi ríkisstjórnarinnar, og um leið stínga á verðbólgukylinu.

Það er einkar ánægjulegt, þegar andstæðingur bankaauðvalds og málsvari sósíalísma og verkalýðshreyfingar, tekur þessi viðkvæmu mál svona föstum tökum. Og mikið megum við Íslendingar prísar okkur sæla, þegar við höfum loks fengið bankamálaráðherra, sem situr ekki auðum höndum eins og fyrirrennari hans. Var það ekki annars Gylfi Þ.? Hvar er Þjóðviljinn nú?

## Nato-lið Moggans


veit nú ekki sitt rjúkandi ráð. Jörðin er að breyta undir fótum þess.

Hvernig getum við skýrt það, að við Íslendingar skulum vera í varnarbandalagi með Bretum, sem hafa tvívegis á rúnum áratug beitt okkur vopnavaldi?

Að sjálfsögðu er afleiðing sú, að okkur er engin vörn í Nató. Þetta skilur þjóðin, en þetta skilur Moggaliðið ekki. Þeir hugsa eins og Bretar og telja landhelgis málið og Nató tvö aðskilin mál. Þess vegna fer nú fylgi Sjálfstæðisflokksins síminnkandi og staða Geirs fer síversnandi innan flokksins.

# Ný bankahöll á Arnarhóli

## Almenn mótmæli – Stjórnleysi í skipulagsmálum Rvíkur



Hinn nýi páfagarður.

Í síðustu viku hófust framkvæmdir við byggingu hallar Seðlabankans á Arnarhóli við Sölvhólsgötu. Á höllin að vera fjórar hæðir með tveimur kjöllum, annar bilageymsla, hinn seðlageymsla og aðsetur fyrir reiknistofnun bankanna. Höllin verður um 30 þús. rúmmetrar að stærð, kostnaður óviss, en skrifstofustjóri Seðlabankans gerir ráð fyrir að hann verði milli 200 og 300 milljónir króna. Er við það miðað, að höllin verði fullsteypt 1975, en tekin til afnota á árinu 1977.

Þetta er nú þokkalegt páfabeirf að tarna, og því verður ekki látið ómótmælt, af fjölmörgum ástæðum.

Það er upplýst að skipulagsnefnd Reykjavíkur samþykkti einróma þessa hallarbyggingu Seðlabankans á Arnarhóli, og er það með öllu óskiljanlegt.

Arnarhólinn á auðvitað að varðveita óskertan, sem eitt skemmtilegasta opna svæðið í miðbænum og alls ekki að byrgja fyrir hið glæsilega útsýni, sem er til norðurs.

### Þrengslin í miðbænum

Þrengslin í miðbænum horfa nú til stórra vandræða, bílamergðin svo mikil, að oft er miklum erfiðleikum bundið og ærið tímafrekt að finna bílastæði. Nú á að leggja niður um eða yfir 300 bílastæði vegna hallarinnar. Sagt er, að í Seðlabankahöllinni eigi að vera 100 bílastæði, en þegar á það er litið, að starfsmenn bankans eru orðnir á annað hundrað, er ljóst, að þorri bílastæðanna verða einkabílastæði bankans. Hvernig getur skipulagsnefnd borgarinnar leyft sér svona vinnubrögð, og hvað segja verzlunar- og þjónustufyrirtækin í miðborginni við slíkra ráðstöfun? Eða finnst þessari nefnd ekki nægilegt umferðaröngþveitið og þrengslin í miðborginni?

Hví er ekki Seðlabankanum látin eftir lóð í nýja miðbænum, svo að dæmi sé tekið? Ljóst er, að nefndarmenn hafa svinbeygt sig fyrir bankavaldinu, og er lítill sómi að, og metið það meira en fegurð og skynsamlega skipulagningu Reykjavíkurborgar.

### Seðlabankinn stuðlar að þenslu

En vikjum að öðru. Nú á sér stað meiri þensla og óðaverðbólga í þjóðfélaginu en menn vita frá stríðslokum, og mest er hún í byggingariðnaðinum, þar sem íbúðarhúsnæði á Rvíkursvæðinu hefur tvöfaldast í verði Framhald á 7. síðu.



## Velkomin til Íslands!

Hennar hátígn Margrét Danadrottning, kom hingað til lands 4. júlí í opinbera heimsókn ásamt manni sínum Henrik prins og fylgdarliði.

Þetta eru góðir gestir, sem Íslendingar fagna mjög. Við engu þjóð hafa samskipti Íslendinga verið nánari og lengri en Dani. Auðvitað hefur gengið á ýmsu, en það drengskaparbragð Dana að afhenda okkur handritin mun vera einsdæmi í samskiptum þjóða.

Er þess að vænta, að heimsókn Margrétar Danadrottningar verði til þess að efla enn meir og styrkja þessi nánú samskipti frændþjóðanna.

## Ný bankahöll á Arnarhól

Framhald af 1. síðu.

á þremur árum. Eftirspurnin eftir vinnuafli er svo gífurleg, að vart fást iðnaðarmenn til starfa, og ef þeir fást þá með ýmsum afarkostum, svo sem að ekkert verði gefið upp til skatts og á yfirborguðum taxta. Og við þessar aðstæður tilkynnir Seðlabanki Íslands, sá sem hefur það að verkefni að stuðla að heilbrigðu efnahagslífi og sporna gegn þenslu, að hann hyggist reisa höll, og telur sig þess umkominn, að gefa ekki almenningu upp, hvað hún komi nákvæmlega til að kosta.

### Mátturinn og dýrðin

Nú á tímum er þess krafizt, þegar ráðizt er í stórframkvæmdir, að kostnaðaráætlanir nákvæmar liggi fyrir. Ella fá menn ekki lán í bönkum. En Seðlabankinn telur ekki ástæðu til að fara eftir þeim reglum, sem hann sjálfur setur. Hans er mátturinn, dýrðin, ríkið — og peningarnir.

Sannleikurinn mun sá, að þessi höll mun ekki kosta, þegar hún er upp komin og tilbúin með öllum þeim kröfum sem Seðlabankamenn gera til að sýna veldi sitt, 200 — 300 milljónir heldur að öllum líkindum 500 millj. kr. árið 1977. Og þess vegna er skiljanlegt að Seðlabankamenn gefa ekki upp neitt ákveðið kostnaðarverð, en þó láta það leika á 100 milljónum króna. Eithvað á það að heita. Hvílik ósvífni gagnvart almenningu. Það er eins og Seðlabankinn eigi þessa peninga, en ekki fólkíð í landinu.

### Auglýsið

í

NÝJU

LANDI

### Ríkissjóður fjárvana

Heyrzt hefur, að ríkissjóði vanti nú hundruð milljónir króna til að ná jöfnuði á fjárlögum, og í vændum séu nýjar álögur á almenning. Væri nú ekki nær að nota þessar byggingarmilljónir Seðlabankans til að mæta þessum halla ríkissjóðs og koma þannig í veg fyrir álögurnar?

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir, að endurskoða eigi allt bankakerfið, þ. á. m. löggjöf varðandi Seðlabankann og hlutverk hans og vinna að sameiningu banka og fjárfestingarsjóða.

### Orð og efndir

Það er óhætt að fullyrða, að ætlun núverandi stjórnar var að draga úr hinum miklu völdum Seðlabankans, sbr. greinar Tímans fyrir kosningar, en veldi hans er meira en nokkru sinni fyrr, fjöldi starfsmanna eykst og nú er hallargerð í vændum. Framkvæmdastofnun ríkisins átti að taka að sér ýmsa starfsþætti, sem lágu hjá Seðlabankanum en ekki hefur af því orðið — en hér er eins og alls staðar annars staðar í embættismannabákninu: aukið við, þanið út, en ekki skorið niður.

### Hvað liggur á?

Það verður ekki dregið í efa, að þröngt er um Seðlabankann, en þar sem ætlunin er að endurskoða bankakerfið og jafnvel sameina banka, t.d. Búnaðarbankann og Útvegsbankann, þá er fráleitt að hefja smíði á þessari höll Seðlabankans. Gæti ekki Seðlabankinn flutt í hús Búnaðarbankans á Hlemmi eða í hús Útvegsbankans við Lækjartorg, þegar bankarnir verða sameinaðir?

### Kerfið

Penslan í þjóðfélaginu er ógnvekjandi, og hefur banka-

kerfið átt drjúgan þátt í því með öllum sínum byggingum. Og nú er Samvinnubankinn að auka við sitt húsnæði í Bankastræti. En bankarnir hafa þenslingana og þeim helzt þessi þensla og óstjórn uppi, meðan bankakerfið er pólitískt tryggingarfélag og ráðherrar kerfismenn.

### Skerum Seðlabankann niður?

Má benda Seðlabankanum á, að hafa hina væntanlegu seðlagæmslu nógu stóra, því að íslenskir seðlar eru að verða verðlitlir í meira lagi, og bankinn sjálfur getur þá minnst þess að hann hafi stuðlað að verðbólgunni með rándýrum lóðakaupum í miðbænum og byggingu Seðlabankahallarinnar, þegar sízt gegndi. Og það má minnst þess líka, að Seðlabankinn hefur lagt kapp á að draga allt undir sig og gert viðskiptabankana að útibúum, en aðgerðir hans til að sporna gegn verðbólgu með peningalegum aðgerðum reynzt vita gagnslausar, þótt þær séu boðaðar með miklum alvörubrag og leyndardómsfullum tilburðum. En töfraspoti Seðlabankans er bara prik — og það bogið. Seðlabankavaldið áttar sig ekki á því, að í þessu landi búa 200 þúsund sálir, en ekki tugur milljóna manna. Þess vegna er Seðlabankavaldið að verða þjóðhættulegt. Við höfum ekkert að gera við fínheitin, bruðlið og bílafloðann. Skerum Seðlabankann niður: einn bankastjóra og fækkum starfsfólki niður í 50 manns og enga höll.

### Mótmælum

Ef stjórnarherrarnir hafa ekki bolmagn eða áræði til að stöðva þessa hallarbyggingu, og til þess eru litlar líkur, skorar blaðið á almenning að mótmæla henni með friðsamlegum en einörðum hætti og stöðva þessa ósvinnu.

## Frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík

Umsóknarfrestur um skólavist fyrir nýja nemendur í vetur er til 15. ágúst.

Inntökuskilyrði í 1. bekk eru:

- 1) Gagnfræðapróf eða hliðstætt próf.
- 2) 24 mánaða hásetatími eftir 15 ára aldur.

Þá þurfa umsækjendur að leggja fram augnvottorð frá augnlækni, heilbrigðisvottorð og sakarvottorð.

Fyrir þá, sem ekki hafa gagnfræðapróf eða hliðstætt próf, verður haldin undirbúningsdeild við skólann. Einnig er heimlit að reyna við inntökupróf í 1. bekk í haust. Prófgreinar eru: Stærðfræði, eðlisfræði, íslenska, enska og danska.

Inntökuskilyrði í undirbúningsdeildina eru 17 mánaða hásetatími eftir 15 ára aldur, auk fyrrgreindra vottorða.

Haldin verður varðskipadeild við skólann í vetur.

Í ráði er að halda 1. bekkjardeildir og undirbúningsdeildir á eftirtöldum stöðum, ef næg þátttaka fæst: Akureyri, Ísafirði og Neskaupstað.

Námskeið í íslensku og stærðfræði fyrir þá, sem ekki náðu prófi í þeim greinum upp úr undirbúningsdeild og 1. bekk í vor, hefjast 14. sept. Þeir, sem ætla að reyna við inntökupróf, geta sótt þau námskeið.

SKÓLASTJÓRINN



## Aðstoðarlæknir

Staða aðstoðarlæknis við Skurðlækningadeild Borgarspítalans e rlaus til umsóknar.

Staðan veitist frá 1. ágúst nk. til allt að 12 mánaða, eftir samkomulagi.

Laun samkvæmt samningi Læknafél. Reykjavíkur við Reykjavíkurborg.

Umsóknir, ásamt upplýsingum um nám og fyrri störf, sendist Heilbrigðismálaráði Reykjavíkurborgar fyrir 20. júlí nk. Upplýsingar um stöðuna veitir yfirlæknir deildarinnar.

Reykjavík, 26. júní 1973.

Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurborgar.



## Útboð

Tilboð óskast um sölu á 50 lofttæmingarlokum fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

Útboðsgögn eru afhent á skrifstofu vorri.

Tilboð verða opnuð á sama stað fimmtudag, 2. ágúst 1973, kl. 11,00 f.h.

INNAKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR

Frikkirkjuvegi 3 — Sími 25800



## Læknir eða læknakandidat

Óskast til sumarafleysinga í mæðradeild Heilsu verndarstöðvarinnar.

Upplýsingar gefur yfirlæknir deildarinnar, sími 22400.

Heilsuverndarstöð Reykjavíkur

10%

## afsláttar kort

Afsláttarkortin gilda til 8. október n.k.

Kynnið ykkur reglurnar um notkun þeirra

Afsláttarkortin hafa verið póstlögð til félagsmanna

Nýir félagsmenn fá afsláttarkort á skrifstofu KRON, Laugavegi 91, DOMUS



KAUPFÉLAG REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS